

Innviðaráðuneyti
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Norðurland eystra, 5. desember 2022

Efni: Umsögn SSNE um drög að frumvarpi um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Hér fyrir neðan má finna umsögn stjórnar SSNE um drög að frumvarpi um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Stjórn SSNE getur tekið heilshugar undir markmið frumvarpsins, sem er að flugvellir landsins og þjónusta við flugumferð þjóni þörfum samfélagsins á umhverfislega sjálfbæran hátt með skilvirkni, hagkvæmni og öryggi í fyrirrúmi í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum. Með lögnum yrði tryggt að á landinu verði til staðar varaflugvallarþjónusta fyrir Keflavíkurlugvöll.

Þessi markmið laganna eru í góðu samræmi við stefnumörkun stjórnvalda eins og hún kemur m.a. fram í flugstefnu fyrir Íslands þar sem lögð var sérstök áhersla á uppbyggingu öflug kerfis flugvalla sem svara þörfum þjóðarinnar. Þar var jafnframt lögð áhersla á að stutt verði við uppbyggingu Akureyrar- og Egilsstaðaflugvalla sem alþjóðlegra fluggátta og þannig að þeir mæti sem best þörfum flugrekenda fyrir varaflugvelli hér á landi.

Þó að varaflugvellir séu nú þegar til staðar er ljóst að eftir að fyrirkomulagi var breytt varðandi varaflugvallagjald hefur uppbygging þessara mikilvægu innviða nánast stöðvast og mikil innviðaskuld safnast upp. Það er sérstaklega óheppilegt með hliðsjón af því hversu mikið umferðin um Keflavík hefur vaxið og mikilvægi varaflugvallanna vaxið samhliða. Hér er einnig um að ræða stórt þjóðaröryggismál, en eins og dæmin sanna þá er nauðsynlegt að vera með öfluga varaflugvelli og fleiri gáttir inn í landið. Þannig má nefna þegar Keflavíkurlugvöllur lokaðist vegna eldgoss í Eyjafjallajökli og auk þess sem hafa þarf í huga aukið mikilvægi varaflugvallanna nú þegar eldsumbrotatímar virðast hafnir á Reykjanesinu.

Það er nauðsynlegt að hafa í huga að flugvallainnviði er ekki hægt að byggja upp á einni nóttu og er staðan nú þannig að óhjákvæmilegt er að fara í bæði fjárfestingar og viðhald á varaflugvöllunum þannig að þeir séu örugglega til reiðu ef eitthvað kemur upp á. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins þá liggur fyrir greining á því hvaða innviðauppbyggingu þarf að ráðast í á Akureyri. Mikilvægi þeirrar uppbyggingu liggur sannarlega fyrir hvað varðar flugöryggi, en ekki síður hvað varðar hin óteljandi tækifæri sem felast í uppbyggingu á Akureyrarflugvelli, á bæði til aukinna farþega- og vöruflutninga.

Stjórn SSNE áréttar mikilvægi þess að þetta frumvarp nái fram að ganga, en með samþykkt þess mætti hefja uppbyggingu strax á næsta ári. Það er mikilvægt skref í rétta átt en af framansögðu er ljóst að það svarar ekki allri þörf fyrir nauðsynlega uppbyggingu á varaflugvöllunum.

Fulltrúar SSNE eru ávallt reiðubúin til að eiga samtal við ráðuneytið vegna málsins.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE